



Reglugerð Öldungamótaraðarinnar í golfi

1. gr.

LEK heldur mótarið fyrir eldri kyllinga sem nefnist Öldungamótarið. Hún er röð stigamóta sem haldin eru í samráði við golfklúbba víðs vegar um landið. Fjöldi móta á Öldungamótariðinni ár hvert skal vera a.m.k. sex.

2. gr.

Þátttökurétt í stigamótum Öldungamótaraðarinnar hafa kyllingar, áhugamenn sem atvinnumenn. Keppandi skal vera félagi í viðurkenndum golfklúbbi og hafa greitt árgjald LEK.

3. gr.

Stig eru reiknuð út frá stigalista LEK fyrir stigamót. Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir, skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda.

Stigameistari

4. gr.

Stigamót Öldungamótaraðarinnar er höggleikur án forgjafar og keppt í flokkum karla og kvenna 50 ára og eldri. Keppendur leika af teigum eftir aldri eins og þegar keppt er í höggleik.

5. gr.

Stigameistarar Öldungamótaraðarinnar í flokki karla og kvenna eru þeir kyllingar sem eru efstir að samanlögðum stigum úr öllum stigamótum ársins. Ef tveir eru jafnir telst sá sigurvegari sem oftast hefur orðið í fyrsta sæti. Ef keppendur eru enn jafnir þá sigrar sá sem hefur lægra heildarskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessum hætti ræður hlutkesti.

Höggleikur

6. gr.

Í hverju stigamóti er einnig höggleikur í flokkum eftir aldri. Veitt eru verðlaun fyrir lægsta brúttó skor í hverjum flokki.

Keppni til landsliðs

7. gr.

Hver keppandi vinnur sér inn stig til landsliðs í samræmi við reglugerð þar um.

Punktamót

8. gr.

Mót í Öldungamótariðinni er einnig punktamót með forgjöf þar sem keppt er í tveimur flokkum, kvenna og karla, óháð lengd eða merkingu teiga. Veitt eru fimm verðlaun fyrir flesta punkta í báðum flokkum.

Í lok keppnisárs er útnefndur punktameistari í báðum flokkum sem eru þeir sem hafa flesta

punkta samanlagt úr öllum mótum mótaráðarinnar.

Liðakeppni

9. gr.

Á mótaröðinni getur einnig farið fram liðakeppni samkvæmt reglugerð þar um.

Framkvæmd

10. gr.

Mótanefnd LEK skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra í samráði við mótshaldara. Mótshaldari skal leggja til dómara og ræsi, nema um annað sé samið. Dómari skal að lágmarki hafa héraðsdómararéttindi.

Mótshaldari ákveður staðarreglur, merkingar vallar og holustaðsetningar. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar mót hefst. Mótshaldari getur í samráði við LEK ákveðið að fresta eða fella niður mót eða umferðir vegna veðurs, ástands vallar eða ónógrar þátttöku.

11. gr.

Stjórn LEK hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim keppnisvöllum sem mótið er haldið. Kynningin getur verið í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn LEK ákveður.

12. gr.

Stjórn LEK ákveður þátttökugjöld í samráði við mótshaldara. Þátttökugjald skal greitt við skráningu.

13. gr.

Skráningu í mót skal lokið með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara. Mótshaldari getur þó heimilað þátttöku berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjölda þátttakenda ekki verið náð. Afboði keppandi þátttöku getur mótstjórn bætt við keppenda af biðlista.

14. gr.

Hvert stigamót skal vera að lágmarki 18 holur.

15. gr.

Keppendur velja rástíma við skráningu í mót. Mótsstjórn getur breytt rástíma og leikröð keppenda. Slík íhlutun skal auglýst í keppnisskilmálum.

16. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ, reglugerð LEK á vali til landsliða og reglugerð um liðakeppni í Öldungamótaröðinni.

17. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum LEK í mars 2026.

Stigalisti LEK

Sæti	Öldunga mótaröðin	
1	1000	
2	850	
3	723	
4	614	
5	522	
6	444	
7	377	
8	321	
9	272	
10	232	
11	197	
12	167	
13	142	
14	121	
15	103	
16	87	
17	74	
18	63	
19	54	
20	46	
21	39	
22	33	
23	28	
24	24	
25	20	
26	17	
27	15	
28	12	

29	11	
30	9	
31	8	
32	6	
33	6	
34	5	
35	4	